

Hampiðjan hf (b.t. stjórnar)

Skarfagarðar 4

104 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2026

Efni: Ályktun vegna aðalfundar 20. mars 2026

Með vísan til boðunar á aðalfund Hampiðjunnar hf. óska neðangreindir hluthafar eftir því að eftirfarandi ályktun verði borin undir atkvæði undir dagskrárlið 8 (önnur mál) á fundinum.

Ályktun aðalfundar Hampiðjunnar

„Aðalfundur Hampiðjunnar hf. samþykkir að fela stjórn félagsins að undirbúa stofnun tilnefningarnefndar í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa og leggja fram rökstuddar tillögur um frambjóðendur til stjórnar fyrir aðalfundi félagsins, að teknu tilliti til hæfni, reynslu, þekkingar, óhæðis og kynjahlutfalls, með hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi.

Stjórn félagsins skal leggja fram tillögu að fyrirkomulagi skipunar nefndarinnar og starfsreglum hennar fyrir næsta aðalfund félagsins og horfa til þess að nefndarmenn séu kjörnir á aðalfundi félagsins. “.

Greinargerð með tillögu

Tillaga þessi er lögð fram með það að markmiði að efla stjórnarhætti Hampiðjunnar hf. í tengslum við undirbúning stjórnarkjörs á aðalfundum félagsins. Tillagan felur hvorki í sér vantraust á núverandi stjórn né gagnrýni á störf hennar, heldur miðar hún að því að koma á skýrara, gagnsærra og faglegra ferli við undirbúning stjórnarkjörs frá og með aðalfundi 2027.

Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er tilnefningarnefnd viðurkennt úrræði til að styðja við faglegt mat á stjórnarsamsetningu. Hlutverk slíkrar nefndar er ráðgefandi. Hún leggur fram tillögur til aðalfundar, en aðalfundur kýs eftir sem áður stjórn félagsins. Í leiðbeiningunum er sérstaklega lögð áhersla á að við mat á frambjóðendum sé horft til hæfni, reynslu, þekkingar, óhæðis og kynjahlutfalls, sem og þarfa og stefnu félagsins. Slíkt fyrirkomulag getur stuðlað að því að stjórn félagsins endurspegli betur þá breidd sjónarmiða og færni sem æskileg er í skráðu félagi.

Hampiðjan hefur sjálf upplýst að félagið hafi ekki skipað tilnefningarnefnd og í ársreikningi félagsins er tiltekið að hluthafar hafi til þessa ekki óskað eftir stofnun slíkrar nefndar. Tillaga þessi miðar að því að félagið undirbúi stofnun slíkrar nefndar. Með því að fela stjórn að leggja fram tillögu að fyrirkomulagi skipunar nefndarinnar og starfsreglum hennar fyrir næsta aðalfund er tryggt að hluthafar fái tækifæri til að taka afstöðu til málsins á upplýstum grunni.

Tillagan kveður hvorki á um breytingu á stjórnarkjöri á yfirstandandi aðalfundi né raskar hún lögbundnu hlutverki aðalfundar við kjör stjórnar. Markmið hennar er að bæta ferlið fyrir framtíðina, auka gagnsæi og styðja við vandaða og faglega stjórnarhætti í þágu félagsins og hluthafa þess.

Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Stapi lífeyrissjóður